REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/752 **2026/EES/53/10**

frá 31. mars 2026

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir *Allium fistulosum*, unnið, lýsat úr *Willaertia magna*, magnesíumhýdroxíð E528, *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla og kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Engin sértæk hámarksgildi leifa hafa verið fastsett fyrir virku efnin *Allium fistulosum*, unnið, lýsat úr *Willaertia magna*, magnesíumhýdroxíð E528, *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla og kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni). Af þessum sökum gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, fyrir þessi virku efni.

2) Framkvæmdastjórnin samþykkti 11. nóvember 2024 *Allium fistulosum*, unnið, sem grunnefni ([2]) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([3]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3) Framkvæmdastjórnin samþykkti 17. júní 2025 lýsat úr *Willaertia magna* sem áhættulítið virkt efni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([4]). Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu að eiturefnafræðileg viðmiðunargildi væru ekki nauðsynleg fyrir þetta efni þar eð það sýnir enga hættulega eiginleika ([5]). Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

4) Framkvæmdastjórnin samþykkti 13. mars 2024 magnesíumhýdroxíð E528 sem grunnefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([6]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/752, 1.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2878 frá 8. nóvember 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Allium fistulosum*, unnið, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2024/2878, 11.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2878/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1177 frá 16. júní 2025 um samþykki fyrir virka efninu lýsati úr *Willaertia magna* sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L, 2025/1177, 17.6.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1177/oj).

([5]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance lysate of *Willaertia magna* C2c Maky“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(1), e9194. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9194.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/836 frá 12. mars 2024 um samþykki fyrir grunnefninu magnesíumhýdroxíði E528, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2024/836, 13.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/836/oj).

5) Framkvæmdastjórnin samþykkti 27. júní 2024 *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla sem grunnefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([7]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Framkvæmdastjórnin samþykkti 22. janúar 2025 kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) sem grunnefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([8]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslum er bætt við í stafrófsröð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005: *Allium fistulosum*, unnið, lýsat úr *Willaertia magna*, magnesíumhýdroxíð E528, *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla og kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2024/1768, 27.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1768/oj).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/96 frá 21. janúar 2025 um samþykki fyrir grunnefninu kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2025/96, 22.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/96/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/154 **2026/EES/53/11**

frá 23. janúar 2026

um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis, fráfærugrísi, tegundir svína til eldis, laxfiska og kjúklinga til eldis og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir laxfiska og eldiskjúklinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið sepíólítkenndur leir var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263 ([3]).

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um endurmat á sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virku hópana „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um breytingu á skilmálum fyrir leyfinu fyrir sepíólítkenndum leir eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 að því er varðar notkun fyrir laxfiska og eldiskjúklinga. Breytingin varðar aukningu á hámarksinnihaldi í 20 000 mg/kg heilfóðurs í stað þess styrks sem er leyfður nú og nemur 17 600 mg/kg fyrir laxfiska og 10 000 mg/kg fyrir eldiskjúklinga. Viðbótargögn voru lögð fram til að sýna fram á að aukefnið uppfylli skilyrðin fyrir leyfi í tillögðum styrk. Taka skal breytinguna til athugunar með tilliti til endurmats á efninu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/154, 26.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263 frá 7. febrúar 2023 um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga (Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/263/oj).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. mars 2025 ([4]) að notkun sepíólítkennds leirs við 20 000 mg/kg heilfóðurs sé örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hvorki augn- né húðertandi. Hins vegar var það talið öndunarfæra- og húðnæmir. Vegna tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar og kísildíoxíðinnihalds þess var það talið valda áhættu við innöndun. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt sem bindiefni og kekkjavarnarefni í fóður fyrir allar dýrategundir við tillögð notkunarskilyrði. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

6) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati sem varðaði aðra umsókn um leyfi fyrir sama aukefni og staðfest af Matvælaöryggisstofnuninni í áliti hennar frá 4. maí 2022 ([5]) séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([6]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að sepíólítkenndur leir uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis, fráfærugrísi af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

8) Auk þess, í ljósi framangreinds, telur framkvæmdastjórnin að leyfi fyrir sepíólítkenndum leir uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar skilmálum þess er breytt að því er varðar notkun fyrir laxfiska og eldiskjúklinga, með því að auka hámarksinnihaldið í 20 000 mg/kg heilfóðurs. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 til samræmis við það.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir sepíólítkenndum leir fyrir laxfiska og eldiskjúklinga þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja breytingu á leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og er tilgreint í I. viðauka, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 kemur II. viðauki við þessa reglugerð.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9365, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9365.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7344, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7344.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið sepíólítkenndur leir, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru ætluð fyrir laxfiska og eldiskjúklinga og sem eru framleidd og merkt fyrir 15. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir laxfiska og eldiskjúklinga og eru framleidd og merkt fyrir 15. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni								
1g563	Sepíólít-kenndur leir	*Samsetning aukefnis* Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3 Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest (1) Óhreinindi: Nikkel ≤ 20,3 mg/kg	Allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis, fráfærugrísir af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiskar og eldiskjúklingar		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels.	15. febrúar 2036

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS).						

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1g563	Sepíólít-kenndur leir	*Samsetning aukefnis* Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3	Allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis, fráfærugrísir af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiskar og eldiskjúklingar		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.	15. febrúar 2036

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest (1) Óhreinindi: Nikkel ≤ 20,3 mg/kg *Greiningaraðferð* (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS).					2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels.	

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

II. VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefn-isins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni								
1g563	Sepíólít-kenndur leir	*Samsetning aukefnis* Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3 Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest (1) Óhreinindi: Nikkel ≤ 20,3 mg/kg	— Jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis — Fráfærugrísir af tegundum svína — Svínategundir til eldis — Laxfiskar — Eldiskjúklingar		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels.	28. febrúar 2033

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS).						

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni								
1g563	Sepíólít-kenndur leir	*Samsetning aukefnis* Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít. Duftform. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40% CAS-númer: 63800-37-3 EINECS-númer: 264-465-3	— Jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis — Fráfærugrísir af tegundum svína		-	20 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.	28. febrúar 2033

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Heiti aukefnis	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$. Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25% CAS-númer: 12173-60-3 EINECS-númer: 601-803-4 Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$ Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35% Laust við asbest (1) Óhreinindi: Nikkel ≤ 20,3 mg/kg *Greiningaraðferð* (2) Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS).	— Svínategundir til eldis — Laxfiskar — Eldiskjúklingar				2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels.	

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.